

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars í máli nr. E-7839/2006:

Björgun ehf.

(Karl Axelsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta var höfðað 15. desember 2006 og dómtekið 7. þ.m. Það sætir flýtimeðferð samkvæmt XIX. kafla laga nr. 91/1991.

Stefnandi er Björgun ehf., Sævarhöfða 33, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi gerir eftirfarandi dómkröfur: Að úrskurður umhverfisráðherra frá 15. nóvember 2006, í máli nr. 06030148, um að efnistaka stefnanda af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa, árin 2006-2016 skuli sæta mati á umhverfisáhrifum, verði felldur úr gildi. Jafnframt að viðurkennt verði að leyfi stefnanda, sem útgefið var af iðnaðarráðherra þann 28. ágúst 1990 samkvæmt lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, sé enn í gildi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

I

Stefnandi hefur stundað vinnslu af hafsbotni frá árinu 1963 og verið mikil vægur birgir malar og sands til framkvæmda í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum. Árleg heildarvinnsla hefur aukist jafnt og þétt og nemur um 1,5 milljónum rúmmetra.

Á grundvelli umsóknar stefnanda og með vísun til 3. og 4. gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins veitti iðnaðarráðuneytið stefnanda 28. ágúst 1990 leyfi til eftirfarandi: „A. Töku malar

og sands af sjávarbotni á eftirtöldum svæðum utan netalaga: Kollafjörður – ásamt sundum. Hvalfjörður. Umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa. B. Töku skeljasands í Faxaflóa fyrir Sementsverksmiðju ríkisins og almennan markað. C. Leitar að sandi og malarefnum á sjávarbotni á grunnsævi við Ísland utan netalaga.“ Tekið er fram að leyfið sé ekki einkaleyfi. Þá segir að það sé veitt til 30 ára og sé háð því að stefnandi geri nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar vegna efnistökkunnar. Ráðherra sé rétt að fella burt leyfi til efnistöku á tilteknu svæði, sé þessa ekki gætt eða brýnir almannahagsmunir komi til, svo og að setja frekari skilmála fyrir efnistökkunni.

Á 125. löggjafarþingi árið 2000 lagði iðnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins nr. 73 18. maí 1990. Um tilgang breytingalaganna segir í athugasemdum með frumvarpinu: „Tilgangur frumvarps þessa er að taka af öllu tvímæli um að iðnaðarráðherra sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir töku eða nýtingu ólífrænna eða lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lifandi vera. . . .Hlýtur það að teljast eðlilegt að ríkisvaldið krefjist gjalds fyrir nýtingu þessara sameiginlegu auðlinda þjóðarinnar.“ Ákvæði um endurgjald var í 3. gr. frumvarpsins. Í 4. gr. var kveðið á um að í reglugerð skyldi tilgreina helstu ákvæði sem fram skuli koma í leyfunum og þau atriði sem umsækjandi skyldi tiltaka í umsókn um vinnsluleyfi. Samkvæmt 5. gr. skyldi við löggin bætast nýtt ákvæði til bráðabirgða um að þeir, sem hefðu leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni, skyldu halda þeim leyfum í tvö ár frá gildistöku laganna. Segir í athugasemd um 5. gr.: „Við setningu laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, voru fáir aðilar sem sóttust eftir efnistöku af hafsbotni. Þetta hefur breyst hin síðari ár og hafa þá ýmsir annmarkar komið fram á hinum eldri leyfum. Mikilvægt er að leiðrétta þetta, samræma ákvæði leyfanna og koma á gjaldtöku fyrir nýtingu auðlindarinnar. Rétt þykir að þeir sem hafa leyfi við gildistöku laga þessara fái aðlögunartíma að nýrri skipan mála og er aðlögunartíminn metinn hæfilegur tvö ár.“

Stefnandi sendi iðnaðarráðuneytinu athugasemdir vegna frumvarpsins 14. apríl 2000. Þar er mótmælt áformum um niðurfellingu leyfa tveimur árum eftir gildistöku laganna og því lýst yfir að stefnandi muni krefjast fullra bóta fyrir allt það tjón sem fyrirtækið kunni að verða fyrir komi til þess að leyfið verði af því tekið.

Iðnaðarnefnd Alþingis lagði til nokkrar breytingar á framangreindu frumvarpi, m.a. að við veitingu leyfa samkvæmt lögum nr. 73/1990 skyldi gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum og að þeir, sem þegar hefðu leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafabotni, héldu þeim í fimm ár frá gildistöku breytingalaganna í stað tveggja eins og kveðið var á um í frumvarpinu, enda þættu sanngirnirök mæla með því. Í nefndarálitinu segir m.a.: „Nefndin bendir á að með ákvæðum framvarpsins er réttur þeirra sem nú hafa leyfi til leitar og hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni ekki skertur að neinu leyti. Þeim aðilum er frjálst að sækja um leyfi á ný og eðlilegt að það verði veitt að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru í frumvarpinu.“ Frumvarpið, með breytingum samkvæmt framansögðu, var samþykkt á Alþingi 9. maí 2000 sem lög nr. 101/2000 og tóku þau gildi 6. júní s.á. Reglugerð samkvæmt 4. gr. frumvarpsins, sem varð 5. gr. laga nr. 101/2000, hefur ekki verið gefin út.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 tóku gildi 6. júní 2000 og komu í stað laga um sama efni nr. 63/1993. Í ákvæði til bráðabirgða I segir að þrátt fyrir ákvæði III. kafla laganna (um matsskyldu) séu framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 ekki háðar mati á umhverfisáhrifum séu þær hafnar fyrir árslok 2002.

Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 23. september 2004, til stefnanda var vakin athygli á umtalsverðum breytingum sem samþykktar hefðu verið á Alþingi 9. maí 2000 á lögum nr. 73/1990 og mikilvægt væri að stefnandi kynnti sér vel. Sérstaklega var vísað til þess að leyfi stefnanda frá 28. ágúst 1990 félli úr gildi í maí 2005. Með svarbréfi stefnanda 13. október 2004 var óskað eftir viðræðum við ráðuneytið um námuleyfi hans og áttu fulltrúar aðila síðan nokkra fundi.

Með bréfi 26. nóvember 2004 sneri stefnandi sér til Skipulagsstofnunar og óskaði umsagnar um það hvort malar- og sandnám sitt á grundvelli endurnýjaðra leyfa væru matsskyldar framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 106/2000. Sérstaklega sé horft til þess að endurnýjun leyfis gæti e.t.v. fallið undir 2. tl. í 2. viðauka laga nr. 106/2006, sbr. einnig 13. tl. í sama viðauka. Í svarbréfi, dags. 18. desember 2004, segir að til þess að Skipulagsstofnun geti leiðbeint frekar um málsmeðferð samkvæmt 5. eða 6. gr. laga nr. 106/2000 vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr einstökum námum á sjávarbotni þurfi að liggja fyrir hvort efnistökuastaðurinn sé nýr eða verið sé að stækka eldri námu og upplýsingar um umfang fyrirhugaðrar efnistöku úr hverri námu, svo sem magn sem eigi að nema, mörk námunnar, flatarmál og staðsetningu. Með bréfi 23. nóvember 2005 tilkynnti stefnandi Skipulagsstofnun fyrirætlun sína að sækja um endurnýjun leyfis til efnistöku úr námum sem þegar væru í notkun í Kollafirði, allt að 10.700.000 rúmmetrum af mól á árunum 2006-2016. Þá er boðað að í næstu framtíð verði útbúin og lögð fram tilkynning varðandi efnistöku í námum í Hvalfirði og síðar í Faxaflóa. Í bréfi stefnanda 30. desember 2005 er gerð sú breyting á tilkynntri framkvæmd að hún skuli miðast við 6.000.000 rúmmetra af mól og megi búast við að flatarmál náma á svæðinu aukist um 60 – 120 hektara.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu var kunngerð stefnanda 20. mars 2006. Niðurstaða var sú að fyrirhuguð efnistaka stefnanda af hafsbotni Kollafjarðar, Faxaflóa árin 2006 – 2016 kynni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi því vera háð mati á umhverfisáhrifum. Á því var byggt að um væri að ræða mjög umfangsmikla framkvæmd og að takmarkaðar upplýsingar lægju fyrir um vistkerfi, jarðefni á fyrirhuguðum námuvinnslusvæðum, tilhögun námuvinnslunnar, samanburð á vinnslusvæðum og um áhrif á vistkerfi, hættu á strandrofi og hættu fyrir mannvirki svo og áhrif á skipulagsáætlanir. Þá er tekið fram að Skipulagsstofnun geri sér grein fyrir að rannsóknir á jarðlögum á sjávarbotni, vistkerfi, öldufari og strandrofi geti verið kostnaðarsamar og tímafrekar og að aðrir en framkvæmdaraðili kunni að þurfa að leggja fram upplýsingar um þessa þætti. Á það er að lokum bent að samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 megi kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra.

Stefnandi kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra hinn 18. apríl 2006 og krafðist þess að úrskurðað yrði að fyrirhuguð efnistaka fyrirtækisins af hafsbotni Kollafjarðar árin 2006 – 2016 samkvæmt tilkynningu þess til Skipulagsstofnunar 23. nóvember 2005 með breytingu, dags. 30. desember

2005, væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í kærinni segir m.a. að því fari fjarri að tilgangur breytinga á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins hafi verið að skerða með einhverjum hætti hagsmuni og réttindi stefnanda sem hafi verið eini aðilinn sem hafi haft leyfi til efnistöku á þeim tíma. Einnig er athygli vakin á efni ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Áhersla er lögð á að stefnandi hafi stundað námuvinnslu sína í Kollafirði í marga áratugi og ekkert sem máli skipti hafi komið fram á þeim tíma sem sýni fram á neikvæð umhverfisáhrif vegna hennar; fremur mætti segja að vinnsla efnanna á hafsbotni hafi komið í veg fyrir stórfelld umhverfisáhrif í landi því að ljóst væri að þess mundu sjást greinileg merki hefði allt það efni, sem tekið hafi verið á hafsbotni, verið tekið þess í stað á landi í nágrenni Reykjavíkur. Þá er vísað til þess að tilgangurinn með breytingum á lögum nr. 73/1990 hafi, auk gjaldtökkunar, verið sá að auka skyldur vinnsluaðila til upplýsingagjafar og eftirlits en í reglugerð, sem enn hafi ekki verið sett, eigi að tilgreina helstu skilyrði leyfisveitinga sem m.a. eigi að taka til þessara þátta.

Úrskurður umhverfisráðuneytisins var kveðinn upp 15. nóvember 2006. Þar er m.a. vitnað til umsagna Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Siglingastofnunar, Hafrannsóknarstofnunar, Reykjavíkurborgar, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, Orkustofnunar og Landbúnaðarstofnunar. Niðurstaða varðandi lagaskil var sú að ekki var fallist á þá málsástæðu kæranda að fyrirhuguð framkvæmd félli undir ákvæði til bráðabirgða I í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Vísað var til þess að efnistaka nýrra framkvæmda, sem nemi 150.000 rúmmetrum eða meiru eða áætluð efnistaka raski 50.000 fermetra svæði eða stærra, sé ávallt háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt 21. tl. 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum. Sú efnistaka, sem um ræði í málinu, sé því veruleg að umfangi og magn efnis margfalt meira en það sem miðað sé við samkvæmt framansögðu. Um möguleg umhverfisáhrif framkvæmdar segir: „. . . . Að mati ráðuneytisins er fyrirhuguð efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa umfangsmikil framkvæmd sem getur haft veruleg áhrif á jarðfræði, lífríki, landslag og gerð botnsins á og umhverfis námasvæðin. Ráðuneytið telur að svo umfangsmikil framkvæmd kunni að hafa áhrif á landbrot á nálægum strandsvæðum og flutning efnis á sjávarbotninum. Ráðuneytið telur að mikill skortur sé á upplýsingum um lífríki í og á sand- og malarbotni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og hugsanleg áhrif efnistöku á lífríkið. Upplýsingar vantar um tegundasamsetningu flóru og fínu svæðisins sem og líffræðilega fjölbreytni. Mikilvægt er að aflað verði gagna um botngerð og vistgerðir hafsbotsins, einkum m.t.t. samfélaga lífvera sem þar finnast og meta hver áhrif dælingar og gryfjumyndunar á hafsbotninum verða á lífríki hafsbotsins, flutning setlaga og landbrot.“ Í niðurlagi úrskurðarins segir: „Með vísan til umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar, mögulegra umhverfisáhrifa og að mat á umhverfisáhrifum kann að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar telur ráðuneytið rétt að efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa árin 2006 – 2016 sæti mati á umhverfisáhrifum og er kröfu kæranda því hafnað. Ú r s k u r ð a r o r ð: Ákvörðun Skipulagsstofnunar, frá 20. mars 2006, um að efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa árin 2006 – 2016 skuli sæta mati á umhverfisáhrifum er staðfest.“

Í bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2006, til stefnanda er vísað til erindis hans frá 24. maí 2005 þar sem sótt hafi verið um að leyfi til töku malar og sands af sjávarbotni utan netlaga í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa yrði framlengt í eitt ár. Fallist var á að veita stefnanda takmarkaða

heimild til hagnýtingar jarðefna á afmörkuðum svæðum á hafsbotni. Starfsemin skyldi vera bundin við þær námur, sem þegar væru í notkun, og heimildin gilda til 6. júní 2006. Skilyrði, sem fram kæmu í leyfi stefnanda, sem fallið hafi úr gildi 6. júní 2005, skyldu gilda um starfsemina á gildistíma heimildarinnar.

Hinn 13. nóvember 2006 varð iðnaðarráðherra við beiðni stefnanda um tímabundna og skilyrta framlengingu leyfis til töku malar og sands af sjávarbotni utan netlaga í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa. Leyfið var takmarkað við þær námur, sem þegar væru í notkun, að undanskildum skilgreindum námusvæðum við Kjalarnes, Þerney, Geldinganes, Gufunes og Laugarnes en athugasemdir hefðu verið gerðar við þessi svæði af umsagnaraðilum sem Skipulagsstofnun og umhverfisráðherra hafi leitað til í tengslum við meðferð á tilkynningu Skipulagsstofnunar og kæru stefnanda á þeirri ákvörðun til umhverfisráðherra. Heimildin skyldi gilda til 1. september 2008 en þó aldrei lengur en þrjá mánuði eftir að fyrir lægi endanlegt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Leyfið væri bundið þeim skilyrðum að stefnandi hæfist þegar handa um að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar efnistöku og að því ferli yrði hraðað svo sem kostur væri. Skilyrði þau, sem fram kæmu í leyfi stefnanda sem fallið hefði úr gildi 6. júní 2005, skyldu gilda um starfsemina.

II

Stefnandi byggir á því að leyfið, sem honum var veitt 28. ágúst 1990, veiti sér atvinnuréttindi sem vernduð séu af eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og að ekki sé heimilt að svipta sig því á meðan þau skilyrði, sem sett voru fyrir veitingu leyfisins, séu uppfyllt. Með því að fella niður leyfi sitt fimmtán árum áður fyrir útrunninn gildistíma hafi verið brotið á atvinnuréttindum sínum sem varin séu af 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Stefnandi byggir á því að löggjafinn hafi gengið of langt við að koma mark miðum sínum í framkvæmd og ekki gætt meðalhófs við setningu laga nr. 101/2000 sem breyttu lögum nr. 73/1990. Í athugasemdum með frumvarpi sem leiddi til setningar laganna komi skýrt fram að markmiðið hafi einkum verið að heimila ráðherra gjaldtöku fyrir töku eða nýtingu ólífrenna eða lífrænna auðlinda hafsbotnsins, annarra en lifandi vera. Nægilegt hafi verið að setja lög sem heimiluðu gjaldtöku.

Stefnandi byggir á því að úrskurður umhverfisráðherra um að framkvæmdir hans séu matsskyldar fái ekki staðist samkvæmt bráðabirgðaákvæði I í lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem leyfi hans hafi verið gefið út fyrir 1. maí 1994 og framkvæmdir verið hafnar fyrir árslok 2002.

Þá byggir stefnandi á því að jafnræðisregla 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar hafi verið brotin á sér með samþykkt bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 101/2000. Þeir aðilar, aðrir en stefnandi, sem framangreint ákvæði taki til, séu í annarri stöðu en hann þar sem leyfi þeirra séu enn í gildi.

Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnanda að með því að fella niður leyfi stefnanda sé lögum nr. 73/1990 með síðari breytingum veitt afturvirk áhrif.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 73/1990 með síðari breytingu, laga nr. 106/2000 og til 65. gr. 72. gr. og 75. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með síðari breytingum.

Af hálfu stefnda er mótmælt öllum málsástæðum stefnanda jafnt sem kröfum hans.

Því er m.a. mótmælt að lög nr. 101/2000 hafi að geyma íþyngjandi ákvæði fyrir stefnanda. Þá sé orðalaga ákvæðis til bráðabirgða skýrt og hafi leyfi stefnanda verið fellt niður með lögnum.

Að mati stefnda var úrskurður umhverfisráðuneytisins um að efnistaka stefnanda af hafsbotni í Kollafirði árin 2006 til 2016 skyldi sæta mati á umhverfis áhrifum fyllilega lögmætur og málefnalegur og engin skilyrði séu til að hnekkja honum.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að stefnanda hafi sýnt af sér verulegt tómlæti með því að láta umræddar lagabreytingar sig engu varða fyrr en iðnaðar ráðuneytið vakti athygli hans á þeim breytingum sem orðið hefðu með erindi dags. 23. september 2004.

Að mati stefnda voru tilfærslur þær, sem urðu á leyfi stefnanda með framangreindum breytingum, málefnalegar og tóku jafnt til allra sem eins var ástatt um. Tilgangur hafi m.a. verið sá að rétta af þann mun sem verið hafi milli eldri og yngri leyfa og stuðla að samræmingu og jafnræði þeirra sem hafi hagsmuna að gæta af efnistöku í, á eða undir hafsbotni sem og á landi.

Á því er byggt af hálfu stefnda að lagaákvæði sem feli í sér að framkvæmdir, sem geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, skuli vera háðar mati á umhverfisáhrifum séu almennar takmarkanir á eignarráðum og feli ekki í sér skerðingu á eignarráðum í skilningi 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í kafla um lagarök í stefnu vísi stefnandi til 75. gr. stjórnarskrárinnar en tilvísun í hana sé ekki að finna í málsástæðnakafli stefnunnar. Til öryggis tekur stefndi fram að hann byggi á því hvorki hafi verið brotið gegn 72. né 75. gr. stjórnarskrárinnar og að almenningþörf og almannahagsmunir hafi verið fyrir hendi.

III

Eigi er fallist á það með stefnda að við geti átt í málinu að stefnandi hafi glatað rétti vegna tómlætis.

Lög nr. 101/2000 um breytingar á lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, voru íþyngjandi fyrir stefnanda með því að

umrætt leyfi frá 28. ágúst 1990 féll niður rúmum fimmtán árum fyrr en ella hefði orðið auk þess sem nýtt leyfi er háð gjaldtöku og því að gætt skuli ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum. Í þessu er fylgin skerðing á atvinnu- og afnotaréttindum sem njóta verndar samkvæmt 1. mgr. 72. gr. og 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar.

Með lagabreytingunum voru sett ný skilyrði fyrir nautn tiltekinna réttinda og er ekki fallist á að lög nr. 73/1990 með síðari breytingum hafi með því verið gerð afturvirk. Lögin taka jafn til allra sem eins er/verður ástatt um þannig að skerðingin brýtur ekki gegn 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Þá er ekki fallist á að skerðingin brjóti gegn stjórnskipulegri meðalhófsreglu. Með þeirri staðhæfingu að nægilegt hefði verið að setja lög sem heimiluðu gjaldtöku er eingöngu litið til þess, sem segir í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 101/2000, en hins vegar horft fram hjá því að málið sætti breytingum í meðförum Alþingis.

Löggjafinn hefur metið það svo að almannabörf/almannaheill hafi krafist þeirra lagabreytinga sem hér um ræðir. Á engan hátt hefur verið sýnt fram á að það mat styðjist ekki við skynsamleg rök eða viðurkennd löggjafarsjónarmið. Þvert á móti benda gögn málsins til þess að löggjöfin hafi helgast af breyttum aðstæðum og viðhorfum í þjóðfélaginu.

Með lögum nr. 101/2000 var leyfi stefnanda markaður nýr gildistími og féll það úr gildi 6. júní 2005. Stefnandi hefur því ekki leyfi til framkvæmda á grundvelli upphaflegs leyfis í skilningi ákvæðis I til bráðabirgða með lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, sem undanþiggur frá matsskyldu þær framkvæmdir samkvæmt leyfum útgefnum fyrir 1. maí 1994 sem hafnar hafi verið fyrir árslok 2002.

Í erindum stefnanda til Skipulagsstofnunar 27. nóvember og 30. desember 2005 kemur fram að fyrirhuguð efnistaka af hafsbotni í Kollafirði, Faxaflóa árin 2006-2016 skuli miðast við 6.000.000 rúmmetra af mól og að búast megi við að flatarmál náma á svæðinu vaxi um 60-120 ha. Hér er því um að ræða margfalt meira magn og stærra svæði en um ræðir í 21. tl. 1. viðauka laga nr. 106/2000 þar sem taldar eru upp framkvæmdir sem séu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

Stefnandi hefur ekki borið fyrir sig að málsmeðferð umhverfisráðuneytisins hafi verið haldin ágöllum og er á það fallist með stefnda að ekkert hafi komið fram sem geti leitt til þess að umstefndur úrskurður umhverfisráðuneytisins frá 15. nóvember 2006 verði felldur úr gildi.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða dómsins sú að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda. Ákveðið er að málskostnaður skuli falla niður.

Mál þetta dæmir Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Björgunar ehf.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður H. Stefánsson.